



Icelandic A: literature – Higher level – Paper 2

Islandais A : littérature – Niveau supérieur – Épreuve 2

Islandés A: literatura – Nivel superior – Prueba 2

Monday 11 May 2015 (morning)

Lundi 11 mai 2015 (matin)

Lunes 11 de mayo de 2015 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Answer one essay question only. You must base your answer on at least two of the Part 3 works you have studied and compare and contrast these works in response to the question. Answers which are not based on a discussion of at least two Part 3 works will not score high marks.
- You are not permitted to bring copies of the works you have studied into the examination room.
- The maximum mark for this examination paper is **[25 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Traitez un seul sujet de composition. En basant votre réponse sur au moins deux des œuvres de la troisième partie que vous avez étudiées, vous devez comparer et opposer ces œuvres dans le cadre du sujet. Les réponses qui ne sont pas basées sur au moins deux des œuvres de la troisième partie n'obtiendront pas une note élevée.
- Vous n'êtes pas autorisé(e) à apporter des exemplaires des œuvres que vous avez étudiées dans la salle d'examen.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[25 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Conteste una sola pregunta de redacción. Base su respuesta en al menos dos de las obras estudiadas de la Parte 3, comparándolas y contrastándolas en relación con la pregunta. Las respuestas que no se basen en al menos dos obras de la Parte 3 no recibirán una puntuación alta.
- No está permitido traer copias de las obras estudiadas a la sala de examen.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[25 puntos]**.

Svaraðu aðeins **einni** spurningu. Svar þitt verður að byggja á að minnsta kosti tveimur verkum sem þú hefur unnið með úr hluta 3 og **bera þau verk saman** með vísan til spurningarinnar. Svör sem eru **ekki** byggð á umfjöllun um **a.m.k. tvö** verk úr hluta 3 munu **ekki** hljóta háa einkunn.

Skáldsögur

1. Skáldsagnahöfundar segja oft ekki frá atburðum í réttri tímaröð. Gerðu grein fyrir áhrifum þess að tímaröð er ekki fylgt í verkum a.m.k. tveggja höfunda sem þú hefur unnið með.
2. Skáldsagnahöfundar leggja mismikla áherslu á að skapa samkennd með persónum hjá lesendum sínum. Fjallaðu um í hvaða mæli a.m.k. tveir þeirra höfunda sem þú hefur unnið með reyna að skapa samkennd með persónum sínum og hvaða aðferðum þeir beita til þess.
3. Ræddu um hvernig a.m.k. tveir þeirra skáldsagnahöfunda sem þú hefur unnið með kjósa að enda verk sín og hvaða áhrif endirinn hefur á merkingu sögunnar í heild og upplifun lesenda.

Ljóð

4. „Ljóðlist fjallar um frjóða notkun tungumálsins frekar en framsetningu ákveðinna hugmynda.“ Berðu saman, í ljósi þessarar fullyrðingar, verk a.m.k. tveggja ljóðskálda sem þú hefur unnið með.
5. Nálægð ljóðmælenda er mismikil og staða hans hefur áhrif á upplifun lesenda á efni ljóðsins. Ræddu þau áhrif sem staða ljóðmælanda hefur í ljóðum a.m.k. tveggja ljóðskálda sem þú hefur unnið með.
6. Titlar ljóða geta gefið lesendum mikilvægar vísbendingar um þá merkingu sem höfundur vill skapa í ljóðum sínum. Ræddu um samband merkingar og titla í ljóðum a.m.k. tveggja ljóðskálda sem þú hefur unnið með.

Smásögur

7. Fjallaðu um hvernig a.m.k. tveir þeirra smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með nota hið persónulega og staðbundna til að gefa innsýn í hið almenna.
8. Innri tími smásögu er yfirleitt stuttur. Ræddu hvaða áhrif takmarkaður tímarammi hefur haft á framsetningu umfjöllunarefna í verkum a.m.k. tveggja smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með.
9. Fjallaðu um að hvaða marki a.m.k. tveir þeirra smásagnahöfunda sem þú hefur unnið með ætla verkum sínum að kenna lesendum sínum eitthvað og hvaða aðferðum þeir beita til að koma þeim lærdómi á framfæri.

Leikrit

10. Ræddu hvernig og í hvaða tilgangi a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota tákni í verkum sínum.
11. Misskilningur og skortur á samræðum milli persóna er oft uppsprettu átaka í leikritum. Gerðu grein fyrir því hvernig a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með nota tungumálið til að sýna þess háttar samskiptavandamál í verkum sínum.
12. Fjallaðu um að hvaða marki a.m.k. tvö þeirra leikskálda sem þú hefur unnið með beita skiptingu leikverka í þætti og svið á markvissan hátt til að byggja upp spennu í verkum sínum og hvaða áhrif það hefur á skilning áhorfenda.

Íslendingasögur

13. Ræddu með hvaða hætti knappur stíll Íslendingasagna hefur áhrif á túlkun lesenda með hliðsjón af a.m.k. tveimur þeirra Íslendingasagna sem þú hefur unnið með.
 14. Ferðalög eru oft táknræn og miðlæg bæði í framvindu og persónusköpun Íslendingasagna. Ræddu hvernig ferðalög eru notuð í a.m.k. tveimur verkum sem þú hefur unnið með.
 15. Höfundar Íslendingasagna lýsa persónum og atburðum yfirleitt aðeins utan frá. Ræddu hvaða áhrif þessi frásagnaraðferð hefur á upplifun lesenda af a.m.k. tveimur Íslendingasögum sem þú hefur unnið með.
-